


## Laugarfell við Geysi

Heildarvegalengd: Um 2 km,  
Byrjað í 105 m, 80 m hækkun  
Létt og skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna  
(40 mín.)

Laugarfell er lágt fell við Geysi í Haukadale. Þar má finna áhugaverðar líparítmyndanir. Geysir er í jaðri Laugarfells og er hægt að leggja bíl við Geysissvæðið. Gengið er upp að Konungshver, efst á Geysissvæðinu, og þaðan er gönguleið upp á fellinu. Einnig er hægt að leggja hjá tjaldsvæðinu og ganga þaðan upp.



Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Þar eru fjölmargir hverir og laugar og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þekktastir. Upp af hverasvæðinu rís Laugarfell sem er líparítinnskot og finnst þar ýmsar jarðmyndanir. Til eru sögur um samskipti manna og arna sem tengjast Laugarfelli. Sagt er að ef arnarungar væru bundnir í hreiðri sínu myndi örninn færa þeim sem það gerði merkisgrip í hreiðrið þar til ungarnir eru leystir.

Arnarhreiður var í Laugarfelli og einu sinni brá bóndinn á það ráð að binda ungana í hreiðri sínu og ekki gefa þeim frelsi nema örninn bæri í bóndann merkisgrip sem lausnargjald. Örninn kom færandi með gersemar, fyrst kom hann með ónefndan grip og flaug svo burt strax aftur. Næst færði hann bóndanum ermi með tólf silfurhnöppum og er talið að ermin hafi verið úr Skagafirðinum, flaug svo fuglinn strax aftur. Í þriðju ferðinni kom örninn með ungt sveinbarn í tusku og þótti bónda þá nóg komið og leysti ungana. Hirti hann allt sem örninn færði honum og ól barnið upp, var hann nefndur Arnar-Jón en líklegt er að barnið hafi verið borið út.